



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 19. febrúar 2014

Eftirfylgni vegna athugunar á lánasafnsskýrslu Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á lánasafnsskýrslu (e. Loan Portfolio Analysis Report) Íslandsbanka hf. Athugunin beindist að því að kanna inntak lánasafnsskýrslu bankans og staðreyna að upplýsingar í henni væru í samræmi við undirliggjandi gögn og viðeigandi leiðbeiningar og viðmið. Í kjölfarið birti Fjármálaeftirlitið gagnsæistilkynningu, dags. 19. nóvember 2013, á heimasíðu sinni þar sem gerð var grein fyrir helstu niðurstöðum athugunarinnar.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því að bankinn fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna ábendinga og athugasemda sem fram komu í athuguninni. Greinargerð innri endurskoðanda barst eftirlitinu í janúar 2014. Það er mat Fjármálaeftirlitsins, með hliðsjón af greinargerðinni, að bankinn hafi brugðist með viðeigandi hætti við þeim ábendingum og athugasemdum sem gerðar voru.

Fjármálaeftirlitið birtir hér með opinberlega samandregnar niðurstöður nefndrar athugunar, í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.